

Mánudaginn 8. desember 1975.

Nr. 43/1974. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Aðalsteini Hinrikssyni Bergdal

(Ragnar Steinbergsson hrl.).

Dómenður:

**hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr
og Logi Einarsson.**

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram nokkur ný gögn, endurrit dómssátta, er ákærði sætti 1967 og 1972 og greinir í héraðsdómi, svo og skjöl um áfengis- og umferðarlagabrot ökumanns þess, er ók bifreiðinni A 1920 eftir Oddagötu á Akureyri aðfaranótt mánudagsins 13. maí 1974, nokkru áður en ákærði var handtekinn vegna brots þess, er honum er gefið að sök í þessu máli. Brot það, er ákærði sætti refsingu fyrir með dómssátt 2. október 1972, hefur ítrekunaráhrif á brot það, sem hann er saksóttur fyrir í máli því, sem hér er til úrlausnar, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. mgr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda hans fyrir Hæstarétti, 25.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Aðalsteinn Hinriksson Bergdal, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun

skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Steinbergssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 19. nóvember 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., endurupptekið og dómtekið að nýju þann 12. þ. m., er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, útgefnu 3. september 1974, „á hendur Aðalsteini Hinrikssyni Bergdal, leikara, Fjólugötu 18, Akureyri, fæddum þar í bæ 1. desember 1949, fyrir að aka aðfaranótt mánudagsins 13. maí 1974 undir áhrifum áfengis bifreiðinni A 1920 smáspöl við lögreglustöðina á Akureyri.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir eru þeir, að aðfaranótt mánudagsins 13. maí 1974 stöðvuðu lögreglumenn bifreiðina A 1920 í Oddagötu á Akureyri, þar eð ökumaður hennar var grunaður um að vera undir áhrifum áfengis. Ók Páll Þorkelsson lögreglumaður bifreiðinni að lögreglustöðinni á Akureyri. Aðalsteinn Hinriksson Bergdal, ákærði í máli þessu, sem verið hafði farþegi í nefndri bifreið, fór með honum að lögreglustöðinni. Lögreglumaðurinn lagði bifreiðinni vestan við lögreglustöðina og tók straumláslykla úr henni, en ákærði ætlaði að doka við í bifreiðinni. Stuttu síðar heyrði lögreglumaðurinn, þá kominn inn á varðstofuna, að bifreiðin var gangsett, og sá hann, að ákærði var kominn undir stýri hennar. Hjúp lögreglumaðurinn þegar út ásamt Þorsteini Hallfreðssyni lögreglumanni, og hafði ákærði þá ekið bifreiðinni um það bil billengd aftur á bak, en þá hafði vél hennar drepíð á sér. Var ákærði að gangsetja bifreiðina á ný, þegar lögreglumennirnir komu að og komu í veg fyrir frekari akstur. Þar sem ákærði var talsvert ölvaður, var hann settur í fangaklefa og honum tekið blóð til alkóhólranssóknar.

Bifreiðin A 1920 er Opelbifreið, og reyndist mögulegt að gangsetja hana án straumláslykils með því að snúa straumlási.

Framanskráð atvikalýsing er byggð á skýrslu Páls Þorkels-

sonar lögregluþjóns, sem hann hefur staðfest fyrir dómi. Sagði hann þá jafnframt, að ákærði hefði verið búinn að setja vél bifreiðarinnar aftur í gang, þegar þeir komu að henni, og Þorsteinn lögregluþjónn drepíð á henni.

Þorsteinn Hallfreðsson lögregluþjónn kom einnig fyrir dóm og staðfesti frumskýrslu Páls Þorkelssonar. Kvaðst hann hafa séð bifreiðina síga aftur á bak í gangi, þegar hann kom út af lögregluvarðstofunni.

Ákærði, sem kvaðst hafa verið búinn að drekka mikið áfengis-magn um kvöldið og nóttina, sagðist ekkert muna eftir atvikum, en rengdi ekki skýrslu lögreglunnar.

Í blóðsýni ákærða, teknu umrætt sinn, reyndist vera 1.85% alkóhóls.

Af hálfu ákærða er því haldið fram, að ósannað sé með öllu, að hann hafi gangsett bifreiðina, hvað þá ekið henni.

Eftir dómtöku málsins þann 5. þ. m. hafa báðir áðurnefndir lögregluþjónar komið fyrir dóminn og gefið eiðfestar vitna-skýrslur.

Þorsteinn Hallfreðsson mundi ekki, hvort hann hefði þurft að drepa á vél bifreiðarinnar, þegar hann kom að henni. Hann sagði, að bifreiðin hefði ekki getað sigið aftur á bak, án þess að vélarafli hennar væri beitt.

Páll Þorkelsson sagði, að vél bifreiðarinnar hefði verið nýkomin í gang, þegar þeir komu að henni, og ítrekaði, að Þorsteinn hefði drepíð á vélinni. Hann sagði nær óhugsandi, að bifreiðin hefði sigið aftur á bak, án þess að vélarafli hennar væri beitt. Hann sá ekki, þegar bifreiðin fór aftur á bak.

Samkvæmt eiðfestum vitnisburði tveggja lögregluþjóna er sannað, að ákærði hafi umrætt sinn gangsett bifreiðina A 1920 við lögregluvarðstofuna. Samkvæmt sömu vitnisburðum er nægilega sannað, að ákærði hafi jafnframt ekið bifreiðinni aftur á bak um eina bíllengd. Samkvæmt þessu og með skírskotun til niðurstöðu alkóhólrannsóknar er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og varðar við þar greind lagaákvæði.

Ákærði hefur áður sætt refsingum sem hér segir:

1967 21/12 á Akureyri. Sátt, 3.500 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Svíptur ökuleyfi í 4 mánuði frá 29. október 1967.

1972 2/10 á Akureyri. Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga, 1. mgr. 27. gr. og

1. og 3. mgr. 38. gr., 1. mgr. 49. gr. og 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 10 mánuði frá 15. ágúst 1972.

1973 13/1 á Akureyri. Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr. 21. gr. áfengislaga.

Refsing ákærða, sem ákveðst samkvæmt 80. gr. umferðarlaga með hliðsjón af því, að brot hans er ítrekað, þykir hæfileg varðhald 15 daga.

Eins og krafist er í ákæruskjali með skírskotln til 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, er ákærði sviptur ökuréttindum ævilangt frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Steinbergssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.

Dómsorð:

Ákærði, Aðalsteinn Hinriksson Bergdal, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Steinbergssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.